

hefur ekki áður gerzt sekur um sams konar brot né annað verulegt brot á skyldum sínum sem bifreiðarstjóri, mega sleppa ökuleyfisviptingu vegna brots þessa með tilvísun til 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga in fine.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Þórir Ásvaldur Roff, greiði 1200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 6 daga varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa. Hann skal vera sýkn af kröfu ákæruvaldsins um ökuleyfisviptingu.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 10. marz 1961.

Nr. 95/1960. **Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Helga Benediktssyni (Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómáttarar Hæstaréttar.

Sjótjón. Vátrygging fiskiskips.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, ásamt samdómendum Ólafi St. Ólafssyni forstjóra og Þorsteini Jónssyni skipstjóra, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 4. júní 1960, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. s. m. og gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði dæmdur ómerkur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara, að honum verði dæmd sýkna og loks, að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Ómerkingarkrafan er á því reist, að málið eigi undir gerðardóm samkvæmt félagssamþykkt áfrýjanda. Kröfu þessari verður eigi sinnt, þar sem hún var eigi höfð uppi í héraði.

Samkvæmt gögnum málsins, sem rakin eru í héraðsdómi, var báturinn Skaftfellingur, VE 33, í váttryggingu áfrýjanda, þá er brunatjón það varð, sem í málinu greinir.

Váttryggingin tók til sameiginlegs sjóttjóns samkvæmt 64. gr. laga nr. 20/1954, en þar sem stefndi hefur hvorki innt af hendi sjóttjónsbætur þær, sem féllu samkvæmt sjóttjónsniðurjöfnun á bátinn vegna bruna á varningi í honum, né fengið framsal réttra aðilja fyrir þeim bótakröfum, verða þær eigi dæmdar stefnda í máli þessu. Verða honum því einungis dæmdar sjóttjónsbætur sem skipseiganda,

þ. e. kr. 8.132.13

að frádregnum 10% af þeirri fjárhæð, sem
var í sjálfstryggingu, þ. e. — 813.21

Kr. 7318.92

Þar frá dregst skuld samkvæmt viðskiptareikningi, er getur í héraðsdómi kr. 1455.67

Kr. 5863.25

Þessa fjárhæð greiði áfrýjandi stefnda ásamt 6% ársvöxtum frá 28. nóvember 1957 til greiðsludags.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Bataábyrgðarfélag Vestmannaeyja, greiði stefnda, Helga Benediktssyni, kr. 5.863.25 ásamt 6% ársvöxtum frá 28. nóvember 1957 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 15. júní 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 2. þ. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómj Vestmannaeyja af Helga Benediktssyni, Heiðaveg 20, Vestmannaeyjum, með stefnu, útgefinni 9. júní 1958, birtri 10. sama mánaðar, á hendur stjórn Bataábyrgðarfélags Vestmannaeyja fyrir hönd félagsins, þeim Ársæli Sveinssyni stjórnarformanni, Vestmannabraut 68, Karli Guðmundssyni framkvæmdastjóra, Urðarveg 11, Jóhanni Sigfússyni, Sóhlíð 8, Jónasi Jónssyni, Urðaveg 16, og Jóni Í. Sigurðssyni, Vestmannabraut 44, öllum í Vestmannaeyjum, til greiðslu bóta samkvæmt niðurjöfnun sjóttjóns.

Stefnandi gerir þær réttarkröfur, að hið stefnda félag verði dæmt til að greiða honum kr. 66.722.00, en til vara aðra lægri fjárhæð eftir mati réttarins, ásamt 6% ársvöxtum og vaxtavöxtum frá 28. nóvember 1957 til greiðsludags auk alls málskostnaðar að skaðlausu. Ef rétturinn kynni að líta svo á, að stefnda bæri ekki að greiða til stefnanda, gerir stefnandi þá kröfu til vara, að viðurkennt yrði með dómi, að stefnda væri skylt að greiða stefnukröfurnar.

Mætt var í málinu af hálfu hins stefnda félags, og gerði umboðsmaður þess þær réttarkröfur, að félagið yrði algerlega sýknað af öllum kröfum stefnanda og því tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hans hendi eftir mati réttarins.

Haustið 1956 var bátur stefnanda, Skaftfellingur, VE 33, í vöruflutningum milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja og víðar. Hinn 23. nóvember 1956 lá skipið í Reykjavíkurhöfn, og lét Skipaútgerð ríkisins hlaða bátinn vörum, er fara áttu til Vestmannaeyja. Um nóttina eftir lá báturinn við Verbúðarbryggju, og sváfu þrír skipverjar um borð, skipstjórinn, stýrimaður og annar vélstjóri. Um áttaleytið um morguninn þann 24. nóvember urðu skipverjar varir við reyk, og við athugun kom í ljós, að eldur var uppi í farmrýminu. Skipverjar sáu strax fram á, að þeir myndu ekki geta ráðið niðurlögum eldsins, og leitaði því skipstjórinn eftir aðstoð slökkviliðsins. Var þá klukkan 10 mínútur yfir 8. Höfst slökkviliðið þegar handa og tókst að hindra útbreiðslu eldsins og slökkva hann til fullnustu. Tók slökkvistarfið um 2 tíma. Allmiklar skemmdir hlutust af völdum brunans og vegna slökkvi-

starfsins, sérstaklega á vörum í lest skipsins, en skipið sjálft skemmdist hins vegar ekki mikið. Lögreglurannsóknir fóru fram í Reykjavík og Vestmannaeyjum, en ekki tókst að fá upplýst, hverjar væru orsakir brunans.

Að tilhlutan Skipaútgerðar ríkisins fór fram uppgjör á brunaþjóninu samkvæmt ákvæðum 8. kafla siglingalaganna. Uppgjörið var framkvæmt af Birni Helgasyni, löggiltum niðurjöfnunarmanni sjóttjóns. Skilaði hann sjóttjónsniðurjöfnun 28. nóvember 1957, og liggur hún fyrir í málinu. Samkvæmt henni er sjóttjónsframlag skipsins kr. 66.722.00. Þar af eru kr. 8.132.13 vegna skipsins sjálfs, en afgangurinn, kr. 58.589.87, eru bætur til farmeigenda, niðurjöfnunarkostnaður, kostnaður við mat og flokkun skemmdra vara svo og annar kostnaður.

Strax eftir að niðurjöfnun lá fyrir, skrifaði Skipaútgerðin hinu stefnda félagi og tilkynnti því niðurstöðurnar. Fór Skipaútgerðin jafnframt fram á, að stefnda sem váttryggjandi skipsins greiddi til hennar sjóttjónsframlag skipsins, kr. 66.722.00, að frádregnum áðurgreindum kr. 8.132.13, er félaginu bæri að greiða stefnanda. Félagið samþykkti ekki þessar kröfur, en sendi málið til Samábyrgðar Íslands til athugunar. Álitsgerð frá Samábyrgðinni hefur ekki verið lögð fram, en að sögn forstjóra Skipaútgerðarinnar mun Samábyrgðin hafa kvatt til ráðuneytis löggiltan sjóttjónsniðurjöfnunarmann og hæstaréttarlögmann, en þessir aðiljar allir munu hafa talið vafasamt að neita uppgjörskröfu samkvæmt niðurjöfnun Björns Helgasonar. Málið var svo endursent stefnda. Snemma vors 1958 tilkynnti framkvæmdastjóri hins stefnda félags stefnanda, að félagið myndi ekki greiða kröfuna. Lét þá stefnandi Skipaútgerðina vita um þessa ákvörðun. Átti þá forstjóri Skipaútgerðarinnar tal við formann Bataábyrgðarfélagsins, er ekki gaf ákveðin svör um afstöðu félagsins til tjónbótanna, en tók jafnframt fram, að hann myndi ekki gera þær upp við aðra en stefnanda, ef þær á annað borð yrðu greiddar. Mæltist þá Skipaútgerðin til, að stefnandi innheimti tjónbæturnar og með málsókn, ef með þyrfti. Höfðaði stefnandi svo mál þetta, og eru kröfur að öllu leyti byggðar á sjóttjónsniðurjöfnun Björns Helgasonar.

Í desember 1956 lét Bataábyrgðarfélagið virðingarmenn sína framkvæma mat á skemmdum, er Skaftfellingur varð fyrir við ofangreindan bruna. Virðingarmennirnir luku málinu hinn 31. desember 1956 og skiluðu skriflegri matsgerð þann dag. Mátu þeir skemmdirnar á kr. 6.000.00. Upphæð þessa, að frádreginni sjálfstryggingu, eða kr. 5 400.00, færði félagið stefnanda til tekna

á viðskiptareikningi hans hinn 24. janúar 1957. Hér fyrir réttinum kveðst stefnda hafa gert þetta í greiðaskyni og umfram lagaskyldu.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnanda skorti aðild til þess að fara með málið. Stefnukrafan sé að langmestu leyti eign annarra manna og þurfi því stefnandi að fá formlegt framsal eða rétta aðild með öðrum hætti til þess að geta haft kröfurnar uppi gegn stefnda. Þetta virðist ekki vera rétt. Viðurkennt er, að skipið var váttryggt hjá stefnda, m. a. fyrir eldsvoða, og náði tryggingin einnig til framlaga, sem á skipið kunni að falla vegna sameiginlegs sjótjóns af þeim sökum. Og þar sem stefnandi er eigandi skipsins og aðili að váttryggingarsamningnum við stefnda, var honum heimilt að höfða málið, enda er málshöfðunin samþykkt af Skipaútgerð ríkisins, sem fer með umboð eigenda bótakrafanna (eða framlaganna). Sýknukrafa stefnda, byggð á þessari ástæðu, verður því ekki tekin til greina að neinu leyti.

Í öðru lagi er sýknukrafa stefnda byggð á þeirri ástæðu, að Skaftfellingur hafi verið fallinn út úr tryggingu, er bruninn átti sér stað. Skipið hafi verið tryggt sem fiskiskip og iðgjöld ákveðin samkvæmt því. Hins vegar hafi það verið notað til vöruflutninga, en til þess hafi tryggingin ekki tekið. Er bruninn átti sér stað, hafi skipið einmitt verið í vöruflutningum, og ekki nóg með það, heldur hafi sprengiefni verið í lestinni og engin öryggisvakt sett um borð. Af þessum sökum telur stefnda sér óskýlt að greiða stefnukröfurnar. Þessar varnarástæður virðist ekki þörf að taka til sérstakrar meðferðar, þar eð ekki verður fram hjá því gengið, að stefnda hefur viðurkennt tryggingarskyldu sína með því að láta virða skemmdir bátsins eftir brunann og greiða bætur fyrir þær. Þegar af þeirri ástæðu verða þær ekki teknar til greina.

Þá hefur einnig verið haft á orði af hálfu stefnda, að ýmsir liðir í sjótjónsniðurjöfnuninni muni vera hæpnir, og í því sambandi minnzt á kostnað við endurnýjun á kúlulegum. Ekki hefur þetta þó verið rökstutt frekar og engar ákveðnar lækkunarkröfur settar fram í því sambandi. Að svo vöxnu máli, þykir ekki fært að taka þessar athugasemdir til greina. Einnig var minnzt á við hinn munnlega málflutning frá stefnda hálfu, að við niðurjöfnun sjótjónsins hefði ekki verið gætt fyrir mæla 6. liðar 195. gr. siglingalaganna. Sjótjónsniðurjöfnunin ber þó greini-

lega með sér, að fyrirmæli þeirrar greinar hafa verið höfð í huga. Aðrar athugasemdir við sjóttjónsniðurjöfnunina komu ekki fram, og verða því niðurstöður hennar lagðar til grundvallar, eins og þær eru.

Stefnda hefur bent á, að ábyrgð félagsins nái aðeins til $\frac{1}{10}$ hluta hinna vátryggðu hagsmuna, en afgangurinn, $\frac{1}{10}$ hluti, sé í eigin áhættu stefnanda. Samkvæmt lögum félagsins er þessi athugasemd rétt, og ber að lækka stefnukröfuna um $\frac{1}{10}$ hluta eða um kr. 6.672.20.

Stefnda kveður stefnanda skulda háar fjárhæðir, að því er virðist í ógreiddum iðgjöldum, og beri að skuldajafna þeim móti kröfum hans. Jafnframt hefur stefnda lagt fram viðskiptareikning Skaftfellings, og sýnir hann skuld stefnanda hinn 1. janúar 1958, kr. 1.455.67. Reikningurinn hefur ekki sætt andmælum af hálfu stefnanda, og þykir því bera að taka fjárhæð þessa til greina til skuldajafnaðar. Um frekari skuldir stefnanda við stefnda liggja engar upplýsingar fyrir.

Að lokum hefur stefnda krafizt þess, að ofangreindar kr. 5.400.00, er stefnanda hafa verið færðar til tekna á viðskiptareikningi hans samkvæmt matsgerð virðingarmanna félagsins, verði dregnar frá stefnukröfunum. Fjárhæð þessi lýtur eingöngu að kostnaði við endurbætur á lestarþili og rafleiðslum, en í sjóttjónsniðurjöfnuninni eru skipinu ekki ætlaðar neinar bætur af þeim ástæðum. Fjárhæð þessa ber því ekki að draga frá stefnukröfunum að neinu leyti.

Niðurstaða málsins verður því, að stefnda verður dæmt til að greiða stefnanda kr. 66.722.00, að frádregnum kr. 6.672.20 og kr. 1455.67, eða alls kr. 58.594.13 og ásamt 6% ársvöxtum frá 28. nóvember 1957 til greiðsludags, en krafan um vaxtavexti verður ekki tekin til greina.

Rétt þykir að ákveða, að stefnda greiði stefnanda kr. 6.000.00 í málskostnað.

Dómsuppsögn hefur dregizt vegna anna formanns réttarins við almenna bifreiðaskoðun, sem staðið hefur yfir.

Dómsorð:

Stefndu, Ársæll Sveinsson, Karl Guðmundsson, Jóhann Sigfússon, Jónas Jónsson og Jón Í. Sigurðsson, f. h. Bataábyrgðarfélag Vestmannaeyja, greiði stefnandanum, Helga Benediktssyni, kr. 58.594.13 ásamt 6% ársvöxtum frá 28. nóv-

ember 1957 til greiðsludags og kr. 6.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Priðjudaginn 14. marz 1961.

Nr. 117/1960. **Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Helga Benediktssyni (Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vátrygging fiskiskips.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, settur bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, og samdómendurnir Ólafur St. Ólafsson forstjóri og Þorsteinn Jónsson skipstjóri, hafa kveðið upp hinn áfrýjanda dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. júní 1960 og gert þær dómkröfur, aðallega að héraðsdómurinn verði ómerktur, en til vara, að honum verði dæmd sýkna, og loks, að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 20/1935 var sérhverjum eiganda opins vélbáts, sem aðallega gekk til fiskveiða, skylt að hafa bát sinn tryggðan fyrir sjóttjóni eftir lögunum, enda hefði bátaábyrgðarfélag, slíkt er lögin greindu, verið stofnað í þeirri verstöð, sem í hlut átti. Í 3. gr. laga nr. 27/1938, er leystu fyrrgreind lög af hólmi, var mælt, að allir vélbátæigendur, sem áttu vélbáta, opna eða með þilfari, allt að 70 smálestum brutto að stærð og aðallega voru ætlaðir til fiskveiða við Ísland, skyldu vátryggja þá eftir